



## Úthlutun starfsstyrkja frá Borgarbyggð Úthlutunarreglur

Í samræmi við grein 6.1. í samstarfssamningi UMSB og Borgarbyggðar tekur UMSB að sér að úthluta starfsstyrkjum til aðildarfélaga sinna samkvæmt reglum þessum.

### 1. grein

Fyrir 15. mars ár hvert skal UMSB birta á vef sínum auglýsingu um umsóknir um starfsstyrki. Einnig skal UMSB senda á öll aðildarfélög sín og deildir auglýsingu um sama mál. Umsóknir skulu hafa borist UMSB fyrir lok apríl.

### 2. grein

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra sem sinna íþróttá- eða félagsstarfi innan UMSB eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináherslan er á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga.

Skilyrði er að félag hafi starfað í a.m.k. 2 ár og staðið skil á lögformlegum skyldum sínum t.d. haldið aðalfund, lagt fram ársskýrslu, ársreikninga o.s.frv.

#### Umsókn skal fylgja:

- a) samþykktir reikningar umsækjanda fyrir síðastliðið ár þar sem fram kemur skipting tekna og gjalda iðkenda yngri og eldri en 16 ára, þ.á.m. heildarlaunagreiðslur til þjálfara í barna og unglingastarfi.
- b) yfirlit yfir fjölda virkra iðkenda og aldurskiptingu þeirra. Virkur iðkandi er sá sem stundar félagsstarf hjá viðkomandi félagi og hefur greitt æfinga- eða þátttökugjald.
- c) yfirlit yfir fjöldra skipulagðra æfinga og lengd þeirra
- d) yfirlit yfir menntun og reynslu leiðbeinenda, ásamt markmiðum með starfi þeirra
- e) fjárhagsáætlun fyrir líðandi ár
- f) áætlanir um umfang starfsins og helstu verkefni

### 3. grein

Heildar starfsstyrkur frá Borgarbyggð skiptist samkvæmt eftirfarandi hlutföllum og reglum.

- a) 5% - heildarupphæðar skiptist jafnt á milli þeirra sem úthlutað er til
- b) 30% - Samkvæmt fjölda barna 16 ára og yngri sem greiða þátttökugjald í hverju félagi
- c) 5% - samkvæmt fjölda iðkenda eldri en 16 ára sem greiða þátttökugjald í hverju félagi.
- d) 30% - samkvæmt heildar fjölda og lengd æfingatíma á ári
- e) 25% - skiptist samkvæmt launagreiðslum til þjálfara og leiðbeinenda barna og unglinga 16 ára og yngri samkvæmt samþykktu ársuppgjöri
- f) 5% - skiptist milli félaga sem starfa samkvæmt gæðastaðlinum „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“. Tekur gildi við úthlutun 2015.

Hlutföll og reglur um skiptingu starfsstyrkja skal endurskoða árlega.

### 4. grein

Styrkir eru greiddir út 1. september ár hver.